

Fundargerð 79. fundar Fræðslusjóðs
Mánudaginn 29. október 2018 kl. 14:00 – 15:30
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Kristín Þóra Harðardóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Klara Baldursdóttir Briem, Fjóla Jónsdóttir, Ársæll Guðmundsson (vék af fundi eftir 2. lið).

Forföll: Margrét Sigurðardóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Gestur (2. og 3. liður): Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Úthlutun sjóðsins fyrir 2019.

Afgreiðsla:

Samþykkt skipting á sjóði:

Vottaðar námsleiðir: 506.700.000 kr.

Ráðgjöf: 135.000.000 kr.

Raunfærnimat: 135.000.000 kr.

Þróunarsjóður: 36.000.000 kr.

Samtals: 812.700.000 kr.

Haukur Harðarson fór yfir umsóknir um raunfærnimat. Almennt taldi hann umsóknir væru góðar og verkefni raunhæf. FA falið að koma með tillögum að framlögum til einstakra verkefna raunfærnimats og leggja fyrir næsta fund enda rúmist samtala verkefna innan heildarfjárveitingar sjóðsins til raunfærnimats 2019. Að mestu var farið eftir vinnureglum sjóðsins um úthlutun varðandi hlutföll í úrræði framhaldsfræðslunnar en talið var mikilvægt að jafna meira hlutfall fjárveitingar á móti umsóknum á milli þjónustuþátta. Stjórnin lagði áherslu á aukin framlög til raunfærnimats vegna vaxandi áhuga vinnumarkaðarins á þetta úrræði framhaldsfræðslunnar.

3. Umsókn FA um RFM á móti viðmiðum atvinnulífsins.

Formaður gerði grein fyrir umsókn og minnisblaði FA (fylgigögn).

Afgreiðsla:

Samkvæmt niðurstöðu fundar stjórnar Fræðslusjóðs með mrm og ráðherra, hefur stjórnin heimild til að ráðstafa framlögum sjóðsins til þróunarverkefna til fleiri en eingöngu skilgreindra samstarfsaðila. Í framhaldi af því lagði FA fram umsókn um verkefni til þróunar á raunfærnimati á móti viðmiðum atvinnulífsins. Verkefnið verður unnið í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunaaðila. Umsóknin samþykkt.

4. Samningur sjóðsins við FA vegna gát- og skimunarlistagerðar.

Vísað til umræðu um málið á 78. fundi stjórnar.

Afgreiðsla:

Samningurinn samþykktur og undirritaður í lok fundar.

5. Aldursbil markhóps.

Borist hafa fyrirspurnir um aldursmörk markhóps framhaldsfræðslu þar sem úrræðum, niðurgreiddum af sjóðnum, er beitt. Reglugerð um raunfærnimat kveður á um lágmarksaldur 23 ár og mun verða svo áfram meðan núverandi reglugerð er í gildi. Engin slík aldursmörk er að finna um þátttöku í námsleiðum framhaldsfræðslunnar né um lágmarksaldur ráðþega í náms- og starfsráðgjöf.

Afgreiðsla:

Stjórnin telur eðlilegt að aldursmörk markhópsins sem nýtur góðs af framlögum sjóðsins til vottaðra námsleiða og náms- og starfsráðgjafar verði 18 ár auk skilyrðis um virkni á vinnumarkaði. Stjórnin hvetur til þess að við núverandi endurskoðun laga um framhaldsfræðslu verði skerpt á skilgreiningu markhópsins.

6. Önnur mál

1. Erindi frá Framvegis (fylgiskjal)

Afgreiðsla:

Erindið samþykkt.

2. Erindi frá Kvasi (fylgiskjal)

Afgreiðsla:

Samþykkt að fresta umræðu til næsta fundar.

Þessi fundur stjórnar var hennar síðasti skv. núverandi skipunarbréfum þar sem skipunartími hennar rennur út um miðjan nóvember nk. Fráfarandi formaður þakkaði fyrir gott samstarf á undanförunum árum. Var henni sömuleiðis þökkúð formennskan og samstarfið.

Guðrún Þagnarsdóttir
Haukel Þannvald